

Tilmæli 3/2017

Fyrri skjalsnúmer	A 1714/velfærd
Afgreiðsla	Norræna velferðarnefndin
Fylgiskjal/-skjöl	A 1714/velfærd: Nefndartillaga um sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi

Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi

Með vísan í 45. og 56. gr. Helsingforssamningsins samþykkti Norðurlandaráð þann 4. apríl 2017 eftirfarandi tilmæli að tillögu norrænu velferðarnefndarinnar.

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að hún styðji við hvítbók Norðurlandaráðs, „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi“, bæði pólitískt með því að eiga frumkvæði að beinum aðgerðum og fjárhagslega með því að veita nægilegu fjármagni í framkvæmd markmiðanna;

að hún dreifi hvítbók Norðurlandaráðs, „Sameiginlegar aðgerðir Norðurlanda gegn sýklalyfjaónæmi“ til viðeigandi samstarfsaðila á Norðurlöndum, í Evrópu og annars staðar í veröldinni.

Kaupmannahöfn, 5. apríl 2017

Britt Lundberg

Forseti Norðurlandaráðs

Britt Bohlin

Framkvæmdastjóri Norðurlandaráðs